

L Ö G

um veiting ríkisborgararéttar.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Augustsen, Bjarne August, afgreiðslumaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
2. Sivertsen, Mikal Celius, vélstjóri í Vestmannaeyjum, fæddur í Noregi.
3. Sövik, Oskar, rafveitustjóri á Blönduósi, fæddur í Noregi.
4. Visnes, Olaf Ingvald Olsen, verkamaður á Siglufirði, fæddur í Noregi.
5. Wæhle, Johannes, verkamaður á Akureyri, fæddur í Noregi.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 86 11. júní 1938, um lífeyrissjóð ljósmæðra.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Fyrri málsg. 1. gr. laganna orðist svo:

Stofnfé sjóðsins myndast af framlagi ríkissjóðs, 23500 krónum á ári, og árlegum iðgjöldum lögskipaðra ljósmæðra, 4% af launum þeirra samkv. ljósmæðralögum, að meðtalinni dýrtíðaruppbót, og skal iðgjaldinu haldið eftir við útborgun launanna.

2. gr.

Aftan við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Iðgjald og lífeyrir ljósmæðra, sem njóta réttinda samkv. þessari grein, skal þó aldrei miðast við hærri upphæð en hámarkslaun ljósmæðra samkv. ljósmæðralögum.

3. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Upphæð lífeyris miðast við meðalárslaun hlutaðeigandi ljósmóður samkv. ljósmæðralögum síðustu 5 árin áður en hún lætur af starfi. Til árslananna teljast laun og dýrtíðaruppbót.

4. gr.

114

30. maí

17. gr. laganna orðist svo:

Nú lætur ljósmóðir af störfum án þess að fá lifeyri úr sjóðnum, og skal þá endurgreiða iðgjöld þau án vaxta, er hún hefir greitt til sjóðsins. Af endurgreiðslu-upphæðinni skal fyrst greiða lifeyrissjóði Íslands upphæð þá, sem honum ber samkvæmt síðustu málsgr. 49. gr. laga nr. 74 frá 31. desember 1937, og síðan afganginn til hlutaðeigandi ljósmóður.

5. gr.

Aftan við lögin bætist svolátandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1940 greiðir lifeyrissjóður ljósmæðra aðeins þeim ljósmæðrum eftirlaun, sem látið hafa af störfum eftir 31. desember 1939, enda greiði ríkissjóður á því ári aðeins 12650 krónur sem framlag til sjóðsins. Sama ár greiðast eftirlaun samkvæmt ákvæðum 5. gr. ljósmæðralaganna á sama hátt og af sömu aðilum og árið 1939. Þær ljósmæður, sem í fyrsta sinn hafa notið eftirlauna samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1940, skulu hafa sama rétt til eftirlauna úr sjóðnum frá 1. janúar 1941 og hinar, sem áður nutu eftirlauna samkvæmt fjárlögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

L Ö G

115

30. maí

um breyting á lögum nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd skal skipuð fimm mönnum, sem ríkisstjórnin skipar. Skal einn þeirra skipaður samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Útvegsbanka Íslands h/f og þrír af ríkisstjórninni án tilnefningar, og sé einn þeirra formaður og framkvæmdarstjóri nefndarinnar. Ef nefndarformaður forfallast, skipar ríkisstjórnin varamann um stundarsakir eftir sömu reglum og aðalmenn eru skipaðir.

Ennfremur skal ríkisstjórnin skipa þriggja manna nefnd, er nefnist vörumiðlunarnefnd, einn eftir tilnefningu Sambands íslenzkra samvinnufélaga, annan eftir